

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

6. fundur

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga miðvikudaginn 11. apríl árið 2007. Fundurinn var haldinn á hreppsskrifstofu Skútustaðahrepps við Hlíðarveg og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Neðanritaðir voru mættir og þetta gerðist:

Formaður setti fund og óskaði eftir að bætt yrði við liðum 7 og 8 á dagskrána og var það samþykkt.

1. **Erindi frá Stefáni Einarssvni, Smáratúni 5, Akurevri**

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð nr. 2 úr landi Hróarsstaða, Þingeyjarsveit. Húsið er timburhús á steypum kjallara, 88,5 m² að stærð. Teikningar eru unnar á HSÁ teiknistofu.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um breytingu á deiliskipulagi, en nú er aðeins leyfilegt að byggja 40 – 60 m² frístundahús á þessu svæði.

2. **Erindi frá Félagi verslunar og skrifstofufólks, Skipagötu 14, Akurevri**

Óskað er eftir leyfi til að setja stiga milli hæða og flytja eldhús í kjallara á frístundahúsi nr. 19 í orlofsbyggðinni að Illugastöðum, Þingeyjarsveit. Teikningar eru unnar á HSÁ teiknistofu.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

3. **Erindi frá Jóhannesi Haraldssvni, Rauðuskriðu, Aðaldælahreppi**

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir einbýlishús að Rauðuskriðu. Húsið er timburhús á steypum kjallara samtals 182,3 m². Teikningar eru unnar á HSÁ teiknistofu. Samþykki annars landeiganda liggur fyrir.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

4. **Erindi frá Landsneti**

Óskað er eftir leyfi til að setja upp mastur og sjálfvirka veðurstöð norðaustan við Hlíðarfjall í landi Reykjahlíðar. Afstöðumynd fylgir erindinu.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

5. **Erindi frá Birki Fanndal f.h. Landsvirkjunar**

Óskað er eftir leyfi til að setja niður tvo 2200 l olíutanka við afgreiðslu að Gljúfrabúi við Laxárstöðvar.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Brunamálastofnunar og Heilbrigðiseftirlits.

6. **Erindi frá KEA hótélum**

Óskað er eftir stöðuleyfi fyrir 50 m² sumarhús, sem hýsa á starfsfólk hótelsins, sunnan við núverandi starfsmannahús. Erindi um staðsetningu hússins norðan núverandi starfsmannahúss var samþykkt á síðasta fundi með fyrirvara um samþykki Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun hafnaði staðsetningunni.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Umhverfisstofnunar.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

7. Erindi frá Sigurði A. Jónssyni, Sveitasetrið ehf.

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir gám undir hreinlætisaðstöðu o.fl. við eldra húsið að Draflastöðum sem notað er undir gistingu fyrir ferðafólk. Erindinu fylgja teikningar.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.

8. Erindi frá Kolbeini Kjartanssyni, Hraunkoti, Aðaldælahreppi

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við fjós, 245 m² og mjólkurhús 19,2 m².

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 14⁴⁵.

Eiður Árnason
Kristján Snæbjörnsson
Kristján Stefánsson
Helgi Hallsson
Kolbeinn Kjartansson
Vigfús Sigurðsson byggingarfulltrúi